

FUNDARBOÐ

272. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í Hjálmakletti, fimmtudaginn 11. desember 2025 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. 2502016 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 729: "Lagður fram viðauki VI við fjárhagsáætlun 2025.

Framlagður viðauki VI við fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun 2026. Í honum felst að áætlun um launakostnað grunnskóla er hækkuð um 30 m.kr. sem skiptist þannig að áætlun fyrir Grunnskólann í Borgarnesi hækkar um 17,4 m.kr. og um 12,6 m.kr. fyrir Grunnskóla Borgarfjarðar. Á móti eru óreglulegir liðir færðir niður um 30 m.kr.

Þá er áætlaður kostnaður vegna sameiningarmála að fjárhæð 35 m.kr. Á móti þeim kostnaði eru áætlað framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um 35 m.kr. Að auki er áætlaður kostnaður vegna kærumála í kjölfar kosninga að fjárhæð 5,3 m.kr.

Sveitarfélagið væntir þess að sú fjárhæð fái endurgreidd frá Jöfnunarsjóði.

Í framkvæmda- og fjárfestingaráætlun er áætluð hækking að fjárhæð 23,4 m.kr. vegna búnaðarkaupa annars vegar í leikskólann Klettaborg að fjárhæð 5,4 m.kr. og hins vegar GBF á Kleppjárnsreykjum að fjárhæð 18,0 m.kr.

Samanlögð áhrif viðaukans leiða til lækkunar á handbæru fé í sjóðstreymisáætlun að fjárhæð 28,7 m.kr.

Því miður sér ekki fyrir endann á ráðgjafarkostnaði vegna kærumála er varðar fyrirhugaða sameiningu við Skorradalshrepp en málið er enn í farvegi hjá

Innviðaráðuneytinu og bíður Borgarbyggð niðurstöðu þess. Þessi kærumeðferð og töf á afgreiðslu ráðuneytisins hefur leitt til þess að vinna við að ljúka við sameiningu sveitarfélaganna hefur ekki náð að hefjast. Byggðarráð harmar að málið sé enn í þessum farvegi, það veldur kostnaði og gerir það að verkum að nýskipuð undirbúningsstjórn um sameiningu sveitarfélaganna getur ekki hafið störf.

Samþykkt samhljóða og vísað til staðfestingar í sveitarstjórn."

3. 2510200 - Gjaldskrár 2026

Afgreiðsla á fundi byggðarráðs nr. 728: "Framlagðar gjaldskrár fjölskyldsviðs, Hjálmakletts, slökkviliðs, Ljósleiðara og safnahúss. Jafnframt lögð fram tillaga að óbreyttu álagningarhlutfalli fasteignaskatts og lóðarleigu á milli ára. Samþykkt samhljóða og vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn."

Afgreiðsla á fundi byggðarráðs nr. 729: "Framlagðar til umræðu í byggðarráði gjaldskrár skipulags- og umhverfissviðs. Byggðarráð samþykkir að vísa tillögum að gjaldskrá til samþykktar í sveitarstjórn að teknu tilliti til breytinga á tillögu að gjaldskrá

skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa sem ákveðnar voru á fundinum. Samþykkt samhljóða."

Lagðar fram gjaldskrár fyrir Frístund, Listaskóla, mötuneyti fyrir starfsfólk grunnskóla, íþróttamiðstöðvar, leikskóla, fjölskyldusvið, Hjálmaklett, Safnahús, Slökkvilið Borgarbyggðar, slökkvitækjaþjónustu, söfnun og eyðingu dýraleifa, gámasvæði, tæmingu rotþróa, meðhöndlun úrgangs, hunda- og kattahald í þéttbýli, Vatnsveitu Hraunhrepps, Vatnsveitu Álftaneshrepps, skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa.

4. **2505064 - Fjárhagsáætlun 2026**

Fjárhagsáætlun 2026 lögð fram til seinni umræðu.

Lögð fram til síðari umræðu tillaga að fjárhagsáætlun Borgarbyggðar fyrir árið 2026 ásamt tillög að fjárheimildum fyrir árin 2027-2029.

5. **2510139 - Þjónustustefna Borgarbyggðar 2026**

Þjónustustefna Borgarbyggðar 2026 tekin til síðari umræðu.

6. **2507197 - Tilkynning um kæru nr. 122-2025, íbúðabyggð á Varmalandi**

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 727: "Framlagður úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 122/2025 er varðar ákvörðun sveitarstjórnar Borgarbyggðar frá 8. maí 2025 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar að Varmalandi.

Framlagður úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 122/2025. Byggðarráð leggur til við skipulags- og byggingarnefnd að auglýsa deiliskipulag fyrir íbúðabyggð á Varmalandi að nýju."

7. **2511022 - Beiðni um undirskriftasöfnun v. aðalskipulags**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 729: "Byggðarráð hefur móttengið erindi frá Sól til framtíðar, sem sent er í framhaldi af umfjöllun á fundi samtakanna með byggðarráði þann 27. nóvember sl. Var meðal annars rætt á þeim fundi að mögulegt væri að taka út skýringakort sem ber heitið "Takmarkanir vegna vindorku 1 og 2" í því skyni að koma til móts við sjónarmið samtakanna þar sem þau töldu að kortið væri villandi þar sem ekki stæði til að nýta vindorku á skipulagstímanum. Byggðarráð bauðst til þess þar sem kortið er einungs til upplýsinga sbr. kafla 5.1 í forsenda og umhverfismatsskýrslu. Í erindinu sem barst 4. desember frá samtökunum hafna þau boði sveitarfélagsins og árétta þá afstöðu samtakanna að fram fari íbúakosning að undangenginni undirskriftasöfnun vegna vindorkuumfjöllunar í aðalskipulagi fyrir Borgarbyggð 2025-2037. Byggðarráð telur erindi Sólar til framtíðar afmarka skýrt að gerð er krafa um að fram fari undirskriftasöfnun í þeim tilgangi að umfjöllun um vindorkunýtingu verði tekin út úr greinargerð með aðalskipulagi 2025-2037. Byggðarráð telur vera þann annmarka á erindi Sólar til framtíðar að sveitarfélaginu er skylt á grundvelli 10. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að fjalla í aðalskipulagi um áherslur þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2024-2038. Í áherslum C.2 og C.3 í gildandi landsskipulagsstefnu er skýrt kveðið á um að skipulag skuli fela í sér stefnu um nýtingu vindorkuvera í sátt við umhverfi og samfélag. Byggðarráð telur einnig að sjónarmið samtakanna Sólar til framtíðar séu samhljóma þeirri stefnu sem fram kemur í aðalskipulaginu 2025-2037 þar sem engin vindorkuver eru heimiluð á skipulagstímanum. En m.a. kemur fram á bls 14 í forsenda og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins "Unnin var stefnumótun fyrir vindorku í sveitarfélaginu og er megin niðurstaða hennar að í aðalskipulagi skuli engin svæði

afmörkuð fyrir vindorkuver. Sveitarfélagið mun taka ákvarðanir um vindorkuver þegar þau hafa verið sett í nýtingarflokk rammaáætlunar. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 155/2013 um undirskriftasafnanir vegna almennra atkvæðagreiðslna samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal sveitarstjórn meta hvort ákvæði 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga hamli því að unnt sé að krefjast almennrar atkvæðagreiðslu um málið og tilkynna ábyrgðaraðila um niðurstöðu sína. Í því tilviki sem hér er til umfjöllunar er það álit byggðarráðs að ekki séu forsendur til þess að hefja undirskriftasöfnun í þeim tilgangi að umfjöllun um vindorkunýtingu verði fjarlægð úr samþykktu aðalskipulagi fyrir Borgarbyggð 2025-2037. Í ljósi þess leggur byggðarráð til við sveitarstjórn að hafna beiðni Sólar til framtíðar um að safna undirskriftum í því skyni að fá umfjöllun um vindorkunýtingu fellda út úr greinargerð með aðalskipulagi sveitarfélagsins 2025-2037 sbr. 3. mgr. 108 gr. sveitarstjórnarlaga. Unnt er að kæra þá ákvörðun sveitarstjórnar til innviðaráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga. Samþykkt samhljóða."

8. 2511072 - Vatnsrennibraut við sundlaug í Borgarnesi

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 729: "Þörf er á endurnýjun rennibrauta við sundlaugini í Borgarnesi. Lögð fram tillaga að tveimur valkostum. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að láta fara fram útboð eða verðfyrirspurn á afhendingu og uppsetningu endurnýjaðrar rennibrautar í sambærilegri mynd og hún er í dag. Samþykkt samhljóða."

9. 2509057 - Ósk um endurskoðun skólaaksturs í Lundarreykjadal og Bæjarsveit

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 729: "Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að breytingu á skólaakstursleiðinni um Lundarreykjadal og Bæjarsveit í tvær leiðir. Breytingin mun stuðla að því að akstursleið barna sem um lengstan veg þurfa að fara mun styttest verulega. Samþykkt samhljóða."

10. 2510128 - Erindi frá ON til ÚUA um álit á leyfisskyldu v styrkingar jarðvegsstíflu við Andakílsárvirkjun

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 727: "Framlagður úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 10. nóvember sem er beiðni Orku náttúrunnar ohf. og Orkuveitu Reykjavíkur um að úrskurðað verði um hvort tímabundin styrking jarðvegsstíflu við Andakílsárvirkjun sé háð framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi.

Lagt fram til kynningar."

11. 2409322 - UMSB - samstarfssamningur

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 728: "Drög að samstarfssamningi milli Borgarbyggðar og UMSB lögð fram. Sonja Lind Eyglóardóttir íþrótt- og tómstundafulltrúi kemur til fundarins undir þessum dagskrárlið.

Byggðarráð vísar drögum að samstarfssamningi við UMSB til umsagnar í fræðslunefnd og leggur fyrir sitt leyti til við sveitarstjórn að samþykkja framlögð drög að samningi og felur sveitarstjóra að gera ráð fyrir fjárhagslegum áhrifum samningsins í fjárhagsáætlun 2026-2029.

Samþykkt samhljóða."

12. 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 728: "Framlögð drög að III. viðauka við þjónustusamning milli félags- og húsnæðismálaráðuneytis og sveitarfélags um samræmda móttöku flóttafólks. Hlökkver Ingi Gunnarsson sviðsstjóri fjölskyldusviðs kemur til fundarins og Heiðrún Halldórsdóttir verkefnastjóri í málefnum flóttamanna og situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja III. viðauka við þjónustusamning um samræmda móttöku flóttafólks sem felur í sér lækkun á heildarfjölda samnings úr 180 einstaklingum í 140. Með þessari breytingu er dregið úr líkum á fjölgun flóttafólks umfram getu sveitarfélagsins og tryggt að eins miklu leyti og hægt er að fjármagn fylgi þeim sem kunna að flytjast á eigin vegum í sveitarfélagið.

Það er jafnframt nauðsynlegt að í öllum samskiptum vegna þessa máls sé vakin athygli og leitað lausna á þessari þungu stöðu sem Borgarbyggð er í vegna fjárhagsaðstoðar. Samhliða samþykkt verði óskað eftir frekari aðgerðum af hálfu ráðuneyta og stofnana ríkisins til að leysa málið og leiðrétta fjárhagsleg áhrif sem sveitarfélagið hefur orðið fyrir.

Samþykkt samhljóða."

13. 2512018 - Krafa vegna verklauna

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 729: "Lögð fram stefna frá Primis ehf. vegna verklauna í tengslum við gjaldþrotaskipti Lands og verks ehf.

Framlagt og felur byggðarráð LEX lögmannsstofu að gæta hagsmuna sveitarfélagsins í málinu.

Samþykkt samhljóða."

14. 2412005 - Brákarey-Skipulagsmál

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 729: "Byggðarráð felur sveitarstjóra að ganga til samningaviðræðna við PWC í samræmi við verkefnatillögu og leggja fram samning til staðfestingar í sveitarstjórn enda rúmast verkefnið innan fjárheimilda. Fjárhæðir eru undir viðmiðum sbr. 12. gr. innkaupastefnu Borgarbyggðar. Samþykkt samhljóða."

15. 2512012 - Tilnefning frá byggðarráði til heiðurslauna listamanna

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 729: "Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur auglýst eftir tilnefningum til heiðurslauna listamanna. Byggðarráð Borgarbyggðar hefur sent tilnefningu í sínu nafni.

Byggðarráð Borgarbyggðar tilnefnir Pál Guðmundsson frá Húsafelli til heiðurslauna listamanna. Páll fæddist árið 1959 á Húsafelli. Hann lauk námi frá máladeild Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1981 og nam höggmyndalist við Listaháskólann í Köln 1985-86.

Páll ólst upp að Húsafelli, þar sem sem mætast skógur og hraun, lindár og jökulár, heimur trölla, huldufólks, dýra og manna. Páll flutti heim þegar námi lauk og hefur alla tíð síðan stundað list sína frá Húsafelli. Páll er fjölhæfur listamaður og hefur t.d. fengist við myndlist, höggmyndalist og hljóðfærasmíði.

Í samtals 45 ár hefur Páll hefur haldið fjölda einkasýninga og samsýninga með öðrum listamönnum og hann hefur verið viðfangsefni bóka og heimildarmynda. Liðlega 20 höggmyndir eftir Pál prýða garða og torg víða um heim og auk fjölda höggmynda í náttúrunni við Húsafell og nágrenni.

Páll er einn merkasti listamaður Íslands, einstakur og verk hans auðþekkjanleg. Þau eru órjúfanlega tengd íslenskri náttúru og sögulegri arfleifð. Þau endurspegla mikla virðingu fyrir landinu og djúpa næmni fyrir svipmyndum fólks og náttúru. Verk hans prýða almenningssými, kirkjur, tónlistarhús og heimili. Verk hans eru hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar og vefa saman sögu, náttúru og mannlíf. Verk Páls eru heimur út af fyrir sig. Þannig er steinharpa Páls sjálfstæður hljóðheimur og dæmi um einstæða sköpunargáfu. Hún er listaverk og hljóðfæri sem getið hefur af sér samstarf við fremsta tónlistarfólk heims.

Þó verk Páls prýði söfn og torg víða um heim og hann sé öðrum íslenskum og alþjóðlegum listamönnum innblástur þá er Páll hógvær sveitamaður og náttúrubarn.

Páll er framúrskarandi frumkvöðull í listsköpun. Hann er fyrirmynd og innblástur sem á rætur sínar í landinu, sögunni og jörðinni.

Páll Guðmundsson á Húsafelli er verðugur heiðurslauna listamanna.

16. 2512014 - Vegir í náttúru Íslands

Afgreiðsla 81. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja tillögu sveitarfélagsins um kortlagningu vega í náttúru Íslands, með fyrirvara um samþykki Náttúruverndarstofnunar. Samþykkt samhljóða."

17. 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími

Afgreiðsla 81. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja endurskoðað Aðalskipulag 2025-2037 skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til staðfestingar. Skipulagsfulltrúa er falið að láta uppfæra gögnin í samræmi við umræður á fundi að undangengnu samráði við Skipulagsstofnun og leggja fyrir sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

18. 2302212 - Galtarholt 3 L135043 - Deiliskipulag

Afgreiðsla 81. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að fallast að hluta á athugasemdir Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulag Galtarholts 3. Skipulags- og byggingarnefnd telur að breytingin sé í samræmi við gildandi aðalskipulag Borgarbyggðar en ferli nýs deiliskipulags Galtarholts 3 staðið yfir í langan tíma og hefur verið unnið í samræmi við gildandi aðalskipulag. Samþykkt samhljóða."

19. 2504061 - Brákarey Deiliskipulag

Afgreiðsla 81. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, leggur til við sveitarstjórn að samþykkja lýsingu til auglýsingar fyrir Brákarey skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010. Samþykkt samhljóða."

20. 2502294 - Krumshólapartur 2_Umsókn um deiliskipulag

Afgreiðsla 81. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagt deiliskipulag skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Samþykkt samhljóða."

21. 2509102 - Umsókn um deiliskipulag

Afgreiðsla 81. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða deiliskipulagsbreytingu skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til athugasemdar sem barst á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að svara framkomnum athugasemdum. Samþykkt samhljóða."

22. 2411033 - Hraunsás - umsókn um deiliskipulag - 204514

Afgreiðsla 81. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja til auglýsingar tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hraunsás III í Borgarbyggð. Lagður er fram uppdráttur dags. 06.11.2025. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða."

23. 2305084 - Tímasetning næsta sveitarstjórnarfundar

Lögð fram tillaga um að næsti sveitarstjórnarfundur fari fram 15. janúar 2026.

Fundargerð

24. 2511021F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 727

- 24.1 2505064 - Fjárhagsáætlun 2026
- 24.2 2511127 - Gjaldskrá og rekstraráætlun Sorpurðunar Vesturlands 2026
- 24.3 2511064 - Umræða um stöðu leiðar 81
- 24.4 2511022 - Beiðni um undirskriftasöfnun v. aðalskipulags
- 24.5 2511043 - Kvörtun vegna stjórnsýslu_ IRN25100088
- 24.6 2507033 - Beiðni um skipan raflínunefndar vegna Holtavörðuheidarlínu 1 - Beiðni um umsögn
- 24.7 2511131 - Viljayfirlýsing um stórauðna loftslagsvæna atvinnustarfsemi á Grundartanga
- 24.8 2511133 - Bílastæði við Kaupfélag Borgfirðinga
- 24.9 2507197 - Tilkynning um kæru nr. 122-2025, íbúðabyggð á Varmalandi
- 24.10 2510128 - Erindi frá ON til ÚUA um álit á leyfisskyldu v styrkingar jarðvegsstíflu við Andakílsárvirkjun
- 24.11 2511105 - Áskoranir og hvatningar frá Sambandsþingi UMFÍ
- 24.12 2503085 - Umsagnarmál frá Alþingi 2025
- 24.13 2503085 - Umsagnarmál frá Alþingi 2025

- 24.14 2503085 - Umsagnarmál frá Alþingi 2025
- 24.15 2503101 - Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2024.
- 24.16 2501012 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2025
- 24.17 2501012 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2025

25. 2511027F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 728

- 25.1 2505064 - Fjárhagsáætlun 2026
- 25.2 2511022 - Beiðni um undirskriftasöfnun v. aðalskipulags
- 25.3 2409322 - UMSB - samstarfssamningur
- 25.4 2409048 - Vegurinn að Bjargi
- 25.5 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks
- 25.6 2510200 - Gjaldskrár 2026
- 25.7 2511296 - Erindi frá Golfklúbbi Borgarness um uppbyggingu klúbbhúss
- 25.8 2511138 - Leigusamningur um land fyrir golfvöll að Hamri
- 25.9 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knattús
- 25.10 2503097 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2025
- 25.11 2504239 - Fundargerðir Faxaflóahafna sf - 2025.
- 25.12 2511043 - Kvörtun vegna stjórnsýslu_ IRN25100088

26. 2511013F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 247

- 26.1 2511137 - Ársskýrslur fyrir leik- og grunnskóla 2025
- 26.2 2506233 - Steam Borgarbyggð
- 26.3 2506320 - Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi- leikskólar
- 26.4 2511139 - Verklagsreglur leikskóla í Borgarbyggð 2025
- 26.5 2509087 - Útboð á skóla- og tómstundaakstri fyrir skólaárið 2026-2027
- 26.6 2511136 - Húsnæði frístundar á Hvanneyri.
- 26.7 2510108 - Samþætting frístundar og íþróttastarfs
- 26.8 2502286 - Íþróttastefna Borgarbyggðar
- 26.9 2510259 - Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2025
- 26.10 2506057 - Fundargerðir ungmennaráðs 2025

27. 2511036F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 81

- 27.1 2512022 - Breyting á deiliskipulagi - Íþróttasvæðið í Borgarnesi
- 27.2 2511085 - Umsókn um deiliskipulag
- 27.3 2411033 - Hraunsás - umsókn um deiliskipulag - 204514
- 27.4 2509102 - Umsókn um deiliskipulag
- 27.5 2302212 - Galtarholt 3 L135043 - Deiliskipulag
- 27.6 2502294 - Krumshólpartur 2_ Umsókn um deiliskipulag
- 27.7 2504061 - Brákarey Deiliskipulag
- 27.8 2507197 - Tilkynning um kæru nr. 122-2025, íbúðabyggð á Varmalandi

- 27.9 2504020 - Syðstu-Fossar - umsókn um framkvæmdarleyfi - 133909
- 27.10 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími
- 27.11 2512014 - Vegir í náttúru Íslands
- 27.12 2512015 - Umsókn um styrk úr skipulagssjóði
- 27.13 2512049 - Breyttur fundartími Skipulags- og byggingarnefndar
- 27.14 2511017F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 253
- 27.15 2511015F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 65
- 27.16 2511031F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 66

- 28. 2511033F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 83**

- 29. 2511004F - Fjallskilanefnd Oddsstaðaréttar - 55**

- 30. 2511028F - Umsjónarnefnd fólkvangsins í Einkunnum - 92**

- 31. 2512006F - Fjallskilanefnd Þverárréttar - 76**

09.12.2025

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.